158 umsjón og fjárhald kirkna, 12. maí 1882, að leitað verði samkomulags við söfn-
21. des. uðina í kirkjusóknum þeim í amtinu, þar sem kirkjan er eign landssjóðs, um, að þeir taki að sjer umsjón og fjárhald kirknanna, og við þá söfnuði, sem ekki eru ófáanlegir til þess, um skilmálana fyrir því, að þeir taki hlutaðeigandi kirkjur að sjer. Um árangurinn af þessum málaleitunum vona jeg síðan að fá skýrslu ásamt með áliti yðar um tilboð þau, sem sem kynnu að koma fram.

159 **Brjef landshöfðingja** *til beggja amtmanna* **um ráðstafanir til eyðingar**
23. des. **refa.** — Á síðasta alþingi ályktaði neðri deild þingsins að skora á landshöfðingjann að skipa svo fyrir, að sýslunefndir og amtsráð láti í ljósi álit sitt um það fyrir næsta alþingi, hvort eigi væri unnt að gjöra frekari ráðstafanir, en nú eigi sjer stað, til eyðingar refum hjer á landi.

Jafnvel þótt jeg gjöri ráð fyrir, að sýslunefndirnar sjeu nú þegar búnar að fá löggiltar reglugjörðir um eyðing refa, samkvæmt heimild þeirri, sem til þess er veitt í lögum 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, vil jeg verða við áminnztum tilmælum þingdeildarinnar, og skal jeg því þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að leggja fyrir sýslunefndirnar í ömtum þeim, sem þjer eruð skipaður yfir, að láta uppi álit sitt um það, hvort unnt muni vera að gjöra nokkrar, og ef svo er, þá hverjar frekari ráðstafanir en nú eiga sjer stað til eyðingar refum hjer á landi. Álit sýslunefndanna í hvoru amti bið jeg yður síðan að leggja fyrir hlutaðeigandi amtsráð til íhugunar og umsagnar, og senda mjer síðan álit sýslunefndanna og amtsráðanna svo tímanlega, að jeg geti lagt þau fram á næsta alþingi.

160 **Brjef landshöfðingja** *til beggja amtmanna* **um nýja skipun læknahjerað-**
28. des. **anna.** — Á síðasta alþingi ályktaði neðri deild þingsins að skora á stjórnina, að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um nýja skipun læknahjeraðanna, og var það tekið fram undir umræðunum, að rjettasti vegurinn til undirbúnings þessa máls væri, að leita upplýsinga hjá sýslunefndum um, hvar lækna sje þörf sjerstaklega í hlutaðeigandi sýslu.

Jeg skal því þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að leggja fyrir sýslunefndirnar í ömtum þeim, sem þjer eruð skipaður yfir, að láta uppi hver fyrir sitt sýslufjelag álit sitt og uppástungur um þær breytingar á hinni núverandi skipun læknahjeraðanna, sem að þeirra hyggju eru nauðsynlegar til þess að sýslubúar geti orðið aðnjótandi læknishjálpar, svo við verði unað, en þó þannig, að landssjóði verði ekki íþyngt um of, og væri æskilegt, að lækni þeim eða læknum, sem gegna hjeraðslæknis- eða aukalæknisstörfum í hlutaðeigandi sýslufjelagi væri gefinn kostur á að mæta á sýslufundi þeim, sem mál þetta verður rætt á, og taka þátt í umræðunum um það. Álit sýslunefndanna bið jeg yður því næst að senda mjer sem fyrst, ásamt þóknanlegum ummælum yðar.